Kringum Dieter Roth

SJÓNSPEGILL



eftir Braga Ásgeirsson

Staddur í New York á sunnudegi fyrir ári, gerði ég mér fljótlega ferð út á Queens, hvar MoMA hafði hreiðrað um sig til bráðabirgða. Erindið að bera augum aðalsýningu safnsins þá stundina; Roth Time, A Dieter Roth Retrospective. Útleggst; yfirlitssýning á verkum Dieter Roth, mikilsháttar framkvæmd sem kom að sjálfsögðu mér og íslenzkum samtíðarmönnun listamannsins við, hafði þá staðið yfir frá 12. mars og vika til loka 7. júní. Gekk engan veginn þrautalaust fyrir leigubílstjórann að finna staðinn og ei heldur fyrir mig síðdegis að komast þaðan, hvort-tveggja flókið mál fyrir ókunnuga, bílstjórinn hafði komið af fjöllum þegar hann vissi áfangastaðinn og leigubíla sem vildu aka yfir til Manhattan var illkleift að hafa upp á síðdegis. Þegar að lokum tókst var stefnan tekin á sýningu á verkum Errós í háskólahverfinu neðst á Manhattan en komið að luktum dyrum sem vont var að sætta sig við, þótt trúlega hafi ég séð flest innandyra áður. Skemmtileg en um leið óræð tilviljun, að samtímis var verið að heiðra þessa tvo menn með sýningum á úrvali verka þeirra í heimsborginni, brölluðu nefnilega sitthvað saman í upphafi ferils síns þá báðir þóttust sjá hilla fyrir frægð og frama í útlandinu.

Framkvæmdin á MoMA reyndist frábær í fjölþættri uppsetningu, auk annars sem á döfinni var á staðnum, fagmennskan ekki að þeim skafin vestra, öllu frekar að hún drjúpi af þeim. Safnið komið sér snilldarlega vel fyrir í húsinu, aðkoman notaleg og allan tíman leið mér einkar vel þarna inni. Sýningin kom frá Schaulager/Basel, um að ræða samvinnuverkefni MoMA og Ludwigs safnsins í Köln. Vísast eitthvað minni útgáfa, hef þó ekki séð skilvirkari og hrifmeiri sýningu á verkum listamannsins, trúi naumast að hún hafi verið fullkomnari í Sviss. Sýningarskráin upp á 303 síður mjög vönduð og upplýsandi, í senn sjónlist og bókverk í anda listamannsins.

Persónulega kynntist ég Dieter Roth aldrei náið þótt við værum af sömu kynslóð og ættum sameiginlega vini, urðum þó fljótlega eftir komu hans til landsins áskynja um athafnir hvor annars, þótt úr nokkurri fjarlægð væri. Hann varð einn af tengdasonum Íslands þegar hann fylgdi Sigríði Björnsdóttur, skólasystur okkar Guðmundar Errós til Íslands 1957, róðan hænd að Guðmundi en bæði ári á eftir mér í Handíða- og myndlistarskólanum. Kynntist Guðmundi sjálfum ekki náið fyrr en við urðum samtíða og herbergisfélagar í Osló veturinn 1952–53. Þau Sigga Björns þá í góðu bréfasambandi og kostuleg skrifin mér enn í ljósu minni. Léku sér með ritmálið, skrifuðu þvers og kruss á síðurnar, spírallaga, í hring o.s.frv., auk þess að Guðmundur myndlýsti umslögin í bak og fyrir – fékk þó aldrei bágt fyrir hjá póstþjónustunni, var frekar á hinn veginn að pósturinn heima gerði athugasemdir við viðtakandann ef hann gleymdi því. Fleira markvert gerði strákur sem mér varð starsýnt á, eins og að skrifa mörg bréf í einu í með aðstoð kalkipappírs til að spara tíma! Guðmundur kynntist fljótlega sambýlismanni góðvinu sinnar og það var í gegnum þau tvö og Ragnar Kjartansson, leirlistarmann og myndhöggvara, sem ég nálgaðist hann. Svo var einnig að Adelheid, fyrri eiginkona mín sem var þýsk, vingaðist við Siggu en þær stöllur áttu frumburði á svipuðu reki og fylgdi ég spúsunni einhverju sinni í hús þeirra Dieters. Heimsóknin minnisstæð, einkum þá litlu strákarnir voru að leika sér innan um kostulega smíði húsráðandans, höfðu mikið gaman af sem og hvor öðrum.



Dieter Roth og Ingrid Wiener; Stórt veggteppi, 1984–1986, 220x181 sm. Var á sýningunni „A Dieter Roth Retrospective", MoMA, Queens 2004.

Árið sem þau fluttust til Íslands hafði Guðmundur Erró haldið eftirminnilega sýningu í Listamannaskálanum, hvar Foodscape klippimyndin blasti við gestum til hægri handar þá inn kom, hún átti seinna eftir að marka umtalsverð tímamót um frama hans erlendis. Að því kom nefnilega að Núlistasafnið í Stokkhólmi festi sér hana, myndverkið svo um árabil uppi á einum aðalvegg safnsins við mikla athygli og vinsældir. En á heimaslóðum listamannsins tóku menn vart eftir því, módernistarnir fussuðu, flatarmáls-



Dieter Roth og Sigga Björns í villtri sveiflu í lok sjötta áratugarins.

málverkið, geometrían, mál málanna þá stundina. Til baka litið má listamaðurinn þakka máttarvöldunum fyrir að það seldist ekki, hvorki til einstaklings, fyrirtækis né í lokaðar hirslur Listasafns Íslands. Ókunnugt er mér um hvort Dieter Roth hafi séð sýninguna, en ef ekki hefur hann mjög sennilega nálgast ljósmyndir frá henni meður því að Guðmundur hefur alla tíð verið jafn iðinn honum sjálfum að skjalfesta hvert spor sitt í mynd og máli, á tímaskeiðinu munu þeir hafa náð saman og varð vel til vina.

Áður en Guðmundur hélt utan til náms hafði hann frá fimmtán ára aldri verið í nánu sambandi við mjög snotra hnátu Rögnu að nafni og virtist parið samvaxið, en þeim kafla lauk um leið, annað tveggja gliðnaði sambandið eða hann fórnaði henni fyrir listina. Stórum sviptingasamara þegar Dieter Roth rauk á dyr úr húsi sínu og Sigga greip barmafulla skólpfötu og hvolfdi innihaldinu yfir höfuð hans út um eldhúsgluggann! Til frásagnar að þrátt fyrir þessi svipmiklu sundurslit í einkalífinu varð svissnesk-þýðverski listamaðurinn með tíð og tíma jafnvel meiri Íslendingur en Íslendingurinn. Tók ástföstri við landið, heimsótti oft og sótti jafnt til þess viðföng sem eldsneyti til úrskerandi athafna í útlandinu, var loks að eigin ósk heygður að Hellnum á Snæfellsnesi – því nesi dularfullra náttúrumagna hvar Guðmundur Erró kom óforvarandis undir. Umgengst ýmsa framúrstefnulistamenn tíðanna, studdi að auk við bak nokkurra ungra listspíra, seinna þekktir sem listhópurinn SÚM, og hélt út reglulegri sýningarstarfsemi frá lokum sjöunda áratugarins og langt eftir þeim áttunda. Báðir héldu konum í hæfilegri fjarlægð eftir þetta þótt hormónarnir í þá áttina væru engan veginn fyrir bý. Kannski freistandi fyrir einhverja að geta sér til hvað hefði beðið listamannanna ef þeir hefðu ílenst á Íslandi, hvar menn enn í dag hálfri öld seinna, hafa næsta frumstæðan skilning á grunnmálum myndlistarinnar og sjónarheimsins, einnegin tilgangi og þörfum fyrirbæranna til heilbrigðrar döngunar.

Dieter Roth var hönnuður að mennt, fæddur í Hannover, móðirin þýsk en faðirinn svissneskur. Stundaði nám í myndlist, grafík og grafískri hönnun í Bern í Sviss. Byrjaði í sígildum miðlum; teikningu, dúkskurði, vatnslitum og seinna steinþrykki. Þótti einkum sérlega fær í vatnslitum þar sem hann fór fljótlega að gera ýmsar tilraunir, því haldið fram að vatnslitanámskeiðin í upphafi hafi haft gagnger og stefnumótandi áhrif á seinna þróunarferli listamannsins. Hönnunarverkin þóttu einnig bera hugmyndaauðgi vitni og Dieter þannig í fyllingu tímans mjög vel í stakk búinn til að takast á við ný og byltingarkennd grunnmál óheftrar listsköpunar. Hann var og með svipaðan námsgrunn og amerísku poplistamennirnir er þeir sögðu skilið við auglýsingastarfið þrátt fyrir alla velgengni á þeim nótum og tóku að róta í listhugtakinu.

Mikill skilsmunur á akademísku námi og grafískri hönnun, í hvorugu fallinu par gæfulegt að slá slöku við grunnþætti myndlistarinnar, undirstaðan skal vel að merkja réttleg fundin hvar sem borið er niður á vettvangi sjónarheimsins. Má vera skiljanlegt að myndlistarmaðurinn nálgist núlistir á annan hátt en grafíski hönnuðurinn, sem býr yfir þekkingu á svo mörgum hjálparmeðulum til að vinna með á grunnfletinum sem hinn kann aftur á móti takmörkuð ef þá nokkur skil á. Hins vegar eru þessi hjálparmeðöl sem og öll önnur til hliðar varhugaverð í höndum þeirra sem slegið hafa slöku við grunnþættina eins og neyðarlega hefur komið fram á nýmiðlum seinni tíma er listaskólarnir hafa að stórum hluta snúið baki við sígilda handverkinu og jarðtengdri þjálfun skynfæranna.

Viðbrögðin sem fylgdu í kjölfar hinna miklu hvarfa á sjöunda áratugnum eðlilega víða hörð í röðum þeirra sem dýrkuðu hina klassísku miðla. Dieter Roth sjálfur á kafi í róttækum módernisma þá áhrif frá hreyfilist, kinetik, tóku hug hans allan ásamt hvers konar tilraunum í anda dada, forgengileikans og að vissu marki hjástefnunnar, súrrealisma. Vinnubrögðin fljótlega skilgreind sem ný-dada í listheiminum, og hliðargeirarnir sem upp spruttu hlutu mörg sérnöfn til aðgreiningar, fljótlega komu og áhrif frá popplistinni og þá var mörgum módernistanum nóg boðið. Þó ekki alls kostar rétt að Dieter Roth hafi verið litinn hornauga af íslenzkum módernistum, eða átt erfiðara uppdráttar en aðrir, bæði og, menn verða að líta til þess hve markaðurinn var lítill og þröngur, samkeppnin óvæg og frumstæð. Listamaðurinn varð að vinna fyrir sér og sínum á öðrum vígstöðvum til hliðar, bæði sem auglýsinga- og skartgripahönnuður og ekki allir með hýrri há út af samkeppni frá þessum flinka útlenzka manni, einkum í seinna tilvikinu. Samanlagt mun það að hluta og þó til úrslita hafa verið orsök þess að Dieter Roth náði ekki kosningu inn í Félag íslenzkra myndlistarmanna á fjölmennum aðalfundi 1968, ei heldur sem gestameðlimur sem lagðist illa í hann. Tók þá með auknum þrótti að styrkja unga skjólstæðinga sína, sem komu svo fram sem virkur listhópur strax á útmánuðum 1969. En ekki skal yfirsjást að mikill hiti var í yngri kynslóð innan FÍM, og Septembermenn ekki lengur einráðir í sýningarnefnd eftir þennan örlagaríka og tímamótandi fund. Nefndin gekkst fyrir nýstárlegri samsýningu ungra myndlistarmann, UM 1968, í Laugardagshöll, fljótlega haft samband við Erró í París, seinna Louise Matthíasdóttur og á næstu árum blómstruðu haustsýningar FÍM sem aldrei fyrr, ásamt því að nýtt fólk var þrátt fyrir harða andstöðu tekið með á mikilsháttar boðsýningar erlendis. Þannig margt fleira og markvert að ske í íslenzkri myndlist, sauð og kraumaði, einnig mikill uppgangur í Myndlista- og handíðaskólanum sem óx og dafnaði og ungir nutu góðs af. En um þá hlið þróunarinnar hefur bersýnilega verið reistur þagnarmúr og alla þá miklu óeigingjörnu vinnu og fórnfýsi sem lá að baki.

Dregið saman í hnotskurn er óumdeilt að Dieter Roth var mikilvægur hlekkur í þróun íslenzkrar samtímalistar, einn þeirra sem komu fram með nýjar hugmyndir og hristu eftirminnilega upp í hlutunum.

